



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/333

Alþingi

Erindi nr. P 116 / 108
komudagur 9 / 10 1992

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-(9)-1-681612
Telefax: +354-(9)-1-689664

7. október 1992.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
frú Ragna Árnadóttir, nefndarritari,
Alþingi v. Austurvöll,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um neytendalán.

Með bréfi formanns efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 17. september s.l., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um frumvarp til laga um neytendalán, 14. mál. Í byrjun júlímánaðar s.l. hafði nefndin sent Sambandi íslenskra tryggingafélaga handrit að frumvarpi um sama efni, og var þá heiti þess frumvarp til laga um lánsviðskipti. Umsögn S.Í.T. um það frumvarps-handrit var sent nefndinni þann 20. júlí s.l. Kom þar m.a. fram sú afstaða S.Í.T. að efni handritsins væri með þeim hætti, að vart væri unnt að veita ítarlega umsögn á því stigi máls. Var látin í ljós sú von, að Samband íslenskra tryggingafélaga fengi frumvarpið aftur til umsagnar, þegar frumvarpið væri komið af "handritsstigi". Nú mun því stigi hafa verið náð, og frumvarpið í endanlegri gerð enn sent S.Í.T. til umsagnar. Stjórn Sambands íslenskra tryggingafélaga færir heiðraðri efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þakkir fyrir það, og leyfir sér að hreyfa eftirfarandi atriðum vegna málefnis þessa:

1. Frumvarp til laga um neytendalán er lagt fram í tengslum við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, og mun að því stefnt með frumvarpinu, að íslensk löggjöf verði aðlöguð reglum Evrópubandalagsins um lánsviðskipti og afborgunarkaup á sviði verslunar, framleiðslu og þjónustu. Markmið frumvarpsins er m.a. að gera neytendum eða öllu fremur lántakendum auðveldara að meta heildarkostnað við lántökuna og gera samanburð í því efni. Í þessu sambandi eru gerðar ýmsar kröfur um upplýsingaskyldu lánveitanda og efni og framsetningu þeirra upplýsinga. Þá er í frumvarpinu ákvæði varðandi kaup með eignarréttarfyrirvara og reglur um endurheimt eignarréttar. Sjálfsagt má á það fallast, að þessi ákvæði geti verið lántakendum til hagsbóta, verði þau að lögum. Skulu þessi atriði því ekki gerð að frekara umtalsefni hér. Þó verður ekki hjá því komist að nefna, að reglurnar um útreikning svonefndrar árlegrar hlutfallstölu kostnaðar við lánsamning eru afar flóknaðar, og vart á færi annarra en innvígðra að fá botn í þær.

2. Orðrétt hljóðar 21. gr. frumvarpsins svo: "Lánveitanda er ekki heimilt að taka við vixli eða annarri skulda-
viðurkenningu af lántakanda sem við framsal getur valdið því að réttur lántakanda glattist til þess að halda uppi mótþárum". Í athugasemdum um þessa grein er vísað í 10. gr. tilskipunar nr. 87/102 EBE, en samkvæmt henni skulu aðildarríkin sjá til þess að neytendur njóti tilhlýðilegrar verndar varðandi viðskiptabréf. Frumvarps-
höfundar leysa þá stefnumörkun á einfaldan hátt, þ.e.a.s. að banna lánveitanda að taka við þessum mikilvægu viðskiptabréfum, sem nefnd eru í greininni.

Verði þetta ákvæði að lögum yrðu áhrif þess fyrir neytendur og fyrirtæki geysimikil. Áhrifin yrðu þó ekki bundin við þetta svið, heldur kæmu þau fram á margvíslegan annan hátt, t.d. í auknu álagi á dómstóla landsins. Að banna öllum viðskiptaaðilum hérlendis að nota hefðbundin viðskiptabréf, eins og t.d. víxla, í samskiptum við viðskiptamenn sína gengur engan veginn upp. Óljóst er, hvað ætti að koma í stað þessara viðskiptabréfa. Þörf neytenda til að greiða fyrir vöru og þjónustu í meira og minna mæli með lánum af þessu tagi verður ekki eytt með lögum. Líta verður fremur á þessar lánveitingar fyrirtækja til neytenda sem þjónustu við þá, sem þeir iðulega geta vart verið án. Bann við notkun þessara viðskiptabréfa á því örugglega eftir að koma mörgum neytendum illa og þrengja kost þeirra, sem síst mega við slíku. Í þessu sambandi má og hugleiða ákvæði í nýjum aðfararlögum, sem komu til framkvæmda 1. júlí s.l., en þar er við það miðað, að með almenn viðskiptabréf megi fara beint til sýslumanns og beiðast fullnustu. Alitæfni er, hvað verði um þetta réttarfarshagræði í reynd, ef meginreglan verður sú, að staðfesta verði viðskiptakröfur með dómi.

Lagt er eindregið til, að í stað banns við notkun viðskiptabréfa verði leitað annarra úrræða þyki nauðsyn á því, enda er EB-tilskipunin alls ekki því til fyrirstöðu.

Stjórn Sambands íslenskra tryggingafélaga ítrekar þakkir sínar til heiðraðrar efnahags- og viðskiptanefndar fyrir það að hafa gefist kostur á því að tjá sig um málefni þetta, og lýsir því jafnframt yfir, að hún sé reiðubúin til frekari viðræðna um málið, verði þess óskað.

Með vinsemi og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Arnarsson